



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETI HEIMSÆKIR ÞJÓÐHÁTÍÐ OG ÁVARPAR UNGLINGALANDSMÓT

Forseti Íslands, Halla Tómasdóttir, og Björn Skúlason, eigenmaður forseta, heimsækja í dag, föstudaginn 2. ágúst, Vestmannaeyjar og Borgarnes og taka þar þátt í hátíðahöldum á Þjóðhátíð og Unglingalandsmóti UMFÍ á fyrsta degi forseta í embætti.

Þjóðhátíð í Eyjum fagnar 150 ára afmæli í ár. Hátíðin á rætur sínar að rekja til hátíðahalda sem efnt var til um landið allt á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar þann 2. ágúst 1874. Frá árinu 1916 hefur hún verið haldin árlega í Vestmannaeyjum í ágústmánuði. Hefð er fyrir því að þar komi kynslóðir saman, ungir sem aldnir, og geri sér glaðan dag.

Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar, tekur á móti forsetahjónum ásamt fulltrúum þjóðhátíðarnefndar og ÍBV og leiðir þau um hátíðarsvæðið í Herjólfsdal. Þar verða forsetahjón viðstödd setningarathöfn hátíðahaldanna auk þess sem þau heimsækja hvítu tjöldin og ræða við heimamenn og aðra hátíðargesti.

Frá Vestmannaeyjum liggur leið forsetahjóna í Borgarnes, þar sem Unglingalandsmót UMFÍ fer fram um verslunarmannahelgina, í samstarfi Ungmennafélags Íslands, Ungmennasambands Borgarfjarðar og sveitarfélagsins Borgarbyggðar. Unglingalandsmótið hefur verið haldið um verslunarmannahelgi frá árinu 2002 sem vettvangur fyrir skipulagt tómstundastarf og samveru með foreldrum. Er það talið meðal lykilþátta í góðum árangri Íslands í forvarnarstarfi með ungmennum, sem vakið hefur athygli á heimsvísu.

Mótið er opið ungmennum á aldrinum 11-18 ára alls staðar að á landinu og aðstandendum þeirra. Ungmennin etja þar kappi í 18 keppnisgreinum af ýmsu tagi, allt frá glímu og hjólreiðum til kökuskreytinga og stafsetningar. Auk þess er á mótinu boðið upp á fjölbreytta afþreyingu og skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

Stefán Broddi Guðjónsson, sveitarstjóri Borgarbyggðar, tekur á móti forsetahjónum ásamt fulltrúum UMFÍ og UMSB og fylgir þeim á setningu mótsins, sem hefst kl. 20:00 í kvöld með fánahyllingu. Forseti flytur ávarp við athöfnina og hvetur þar ungmenni jafnt sem foreldra til dáða. Að lokinni opnunarathöfn er forsetahjónum boðið til móttöku í Grunnskóla Borgarness ásamt fulltrúum ungmennahreyfingarinnar. Forsetahjón halda aftur heim á leið í kvöld.

2. ágúst 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérstakur ráðgjafi (895 8885).